

Ed.

412. Breytingartillögur

[106. mál]

um frv. til laga um ferskfiskeftirlit.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr.
 - a. Upphaf 2. málsg. orðist svo:
Í ráðinu eiga sæti 7 menn, og skipar ráðherra fimm þeirra eftir tilnefningu eftirgreindra aðila.
 - b. Aftan við 2. málsg. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
5. Heilbrigðismálaráðherra.
 - c. 3. málsg. orðist svo:
Sjötti maður ráðsins skal vera fiskmatsstjóri og hinn sjöundi forstöðumaður rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, sem jafnframt er formaður ráðsins.
 - d. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Ráðherra skipar Fiskmatsráði framkvæmdastjóra, eftir tilnefningu þess, og ákveður laun hans.
2. Við 4. gr. 3. tölul. orðist svo:
að hlutast til um, að upp verði tekin hagnýt kennsla í stýrimannaskólanum og öðrum framhaldsskólum landsins, þar sem það á við, um hvers konar fiskverkun, enn fremur að beita sér fyrir almennri fræðslu um fiskverkun og meðferð afla og skipuleggja og framkvæma hvers kyns áróður til þess að auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvöndun.
3. Við 7. gr. Í stað „1‰“ komi: 1½‰.